


Breyting: Háspennulínur og -strengir, tengivirki við Kífsá

GREINARGERÐ

Bæjarstjórn Akureyrar leggur til að aðalskipulagi Akureyrar 2005-2018 verði breytt þannig að gert verði ráð fyrir nýrri háspennulínu, Blöndulínu 3, tengivirki við Kífsá og háspennustrengjum að tengivirki á Rangárvöllum og þaðan að Krossanesi.

Forsendur

Tilgangur með lagninu 220 kv háspennulínu frá Blöndustöð til Akureyrar er að styrkja meginflutningsleiðir raforku á Norðurlandi. Verkefnið er jafnframt fyrsti áfanginn í að auka flutningsgetu byggðalögningshringsinn um landið. Leiðin milli Varmahlíðar og Akureyrar er elsti hlið núverandi byggðalögn (Rangárvallalúni 1) með takmarkaða flutningsgetu og er að vanda fókushásk í flutningskerfinu. Yfirstandandi uppbygging iðnaðar í Eyjafirði kallar á að hraða byggingu línunnar. Gert er að byggja Blöndulúni 3 í Kerfisáætlun Landsnets 2011-2015.

Gert er það fyrir nýju línustöð ofan núverandi Byggðalínu og nýju tengivirki (línðarsvæði) við Kísfa ofan Akureyri. Með tengivirki við Kísfa verða loftlínur fær byggð og minna áberandi en ef þær hefðu náð að tengvirkinu á Rangárvötnum. Línustöð ofan í hlóðinni en áður var áformað hefur sögu áhrif á framtíðarþróun þejarinn og nýtingu svæða á jafri byggð. Aðkomuleið að tengvirkinu á Kísfa fylgir nýjum jarðstreng frá Lögmannahlíðareggi norðan Lögmerkja við Hesjuvelli.

Breytingar á Skipulagsuppdráttum Sveitarfélagsuppdráttur

Afmarkað er nýtt iðnaðarsvæði 1.51.3 l fyrir tengivirki raforku á Kífsá. Sýnt er nýtt svæði fyrir háspennulínur frá tengivirkinu til norðurs að bæjarmörkum. Afmarkað er um 90 m breitt helgunarsvæði fyrir línuna. Gerð er grein fyrir legu jarðstrengs frá nýju tengivirki að tengivirkinu á Rangárvöllum (sýnt að

Áhrifamat

Mat á umhverfisáhrifum

Gerð Blöndulínu 3 er matsskyld framkvæmd samkvæmt 22. tl. í 1. viðauka laga nr. 106/2000 m.s.br. um mat á umhverfisáhrifum. Skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum eru tengivirki ekki matsskyld og því verður aðeins lútilega fjallað um umhverfisáhrif tengivirkisins.

Mat og val skipulagskosta

Þegar tengivirki er valinn staður er horft til margra áratuga varðandi grunnkerfi samfélagsins. Byggð á Akureyri er farin að nálgast tengivirkið á Rangá-
 1

völlum, og var talið 220 kv tengivirkir og áðkomið línur yrðu betur settar ofan í hljóðni, til þess að hafa sem minnst áhrif á þróun byggðar á næsta áratugum. Skoðaðir voru þrír valkostir fyrir tengivirkði: 1) við Kífsá, 2) í Gerlárdal, skammt neðan við veginn upp í Hlíðarfjarll, 3) í Gerlárdal, skammt ofan við Gerlárdhlíð. Vegna þess að Hlíðarfjarll og Gerlárdalur eru og verða fjölsótt útvistarstæði, var talið að tengivirkir við Kífsá yrði mun heppilegri kostur, þar sem það er utan alfarelaðar.

Eftir að tengivirkinu hefur verið valinn staður við Kífsá, er lega línunnar nánast sjálfgefin. Hún kemur inn Kræklingahlíðina skv. staðfestu aðalskipulagi Hörgárbyggðar 2006-2026 og endar ofan við tengivirkið og tengist því að ofanverðu.

Núllkostur er sá kostur að ekki verði af breytingu á gildandi áætlun. Í gildandi aðalskipulagi Akureyrar 2005-2018 er ekki gert ráð fyrir því að um styrkingu verði að ræða á flutningskerfi raforku. Yrði þá einungis um einfalda 132 kV

telgningu að læða á svæðinu. Su telgning mun ekki anna örkundunilgum í
framfíðinni að svæðinu og tryggja ásettanlegt afhendingarörvggi raforku.

Umhverfisáhrif línu og tengivirkis

Ekki liggur fyrir ört tengivirkni verður útírvirkni, eins og tengivirkni á Rangárvöllum, enda innivirkni, þar sem allar búaður er innanhúsi. Í báðum tilvikum þarf að gera plan, u.þ.b. 140x80 m, sem verður vantanlega áfangaskipt. Í öðru tilvikinu samanstendur búaðurinn af stálgrindarörmum, með rofum og öðrum búaði, auk spennubreytis úr 220 kv í 132 kv, og girðingu í kring. Í tilvikinu innivirkis yrði reist húsi, sem fullbyggð gæti orðið 130x30 m, og teplega 20 m hátt. Loks þarf að leggja um 750 m langan væg frá

Lögmannshlíðarvegi að tengivirkinu. Jarðstrengur að Rangárvöllum verður lagður meðfram veginum.

Umhverfisráðgjafi línu verða fyrst og fremst sjónræn, af völdum mastra og leiðara. Það mildar áhrifin að línan er vel utan byggðarinnar, hefur hlíðar Hlíðarfjalls sem bakgrunn og ber ekki við himin séð frá byggð. Sjónræn áhrif tengivirkis verða einnig nokkur, hvor útfærslan sem verður valin. Tengivirkid mun skyggja á endamastur línunnar.

Jarðstengur frá Kísa að Rangárvöllum fer um óbyggt land, aðallega gömul tún en einnig óræktað land. Þar er sneitt hjá mishæðum og klapparhólum. Jarðstengir frá Rangárvöllum að Krossanensi verða í gýtustæði Síðubrautar, þ.e. á landi sem þegar hefur verið raskað með gatnagerð og landi, þar sem gatnagerð er fyrirhuguð.

Áhrif á gróður verða af völdum slóðagerðar, auk þess sem tengivirkisplan og vegur að tengivirki skerða gróður. Um er að ræða móa, að hluta með skógrækt, og úthaga með mýrablettum. Áhrif á fuglalíf eru talin minniháttar. Vegna fjarlægðar frá byggð verða rafsvið, segulsvið og hljóðvist ekki vandamál.

Engir skráðir minjastaðir eru í línustæði eða við tengivirki. Um 200 m eru milli tengivirkis og skráðra minjastaða á bæjarhól Kífsár. Jarðstrengur frá tengivirkinu ofan Kífsár veður lagður sunnan bæjarhólsins og fjarri skráðum minjastöðum. Nokkrir skráðir minjastaðir eru í grennd jarðstrengja í götustæði Krossanesbrautar. Strengirnir fara um raskað land og munu ekki hafa frekari

roskun minnastáða í för með sér en orðið er. Áhrif framkvæmda á fornminjar verða því engin.

Hvorki er farið um vatnsverndarsvæði né náttúruverndarsvæði. Áhrif á jarðmyndanir og útivist eru talin minniháttar. Framkvæmdin hefur jákvæð áhrif á samfélag.

Á heildina litið eru umhverfisáhrif skipulagsbreytingarinnar talin óveruleg.

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 31. og 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í bærarstjórn Akureyrar

þann _____

bæjarstjórinn á Akureyri

þann _____

ADALSKIPULAG AKUREYRAR 2005-2018


BREYTING
 Háspennulínur og -strengir, tengivirki við Kífsá
 

Skipulagsdeild Akureyrarbæjar Mkv. 1:10.000/1:30.000 Dags. 30. jan. 2012